

Frasik gegn Póllandi og Jaremowicz gegn Póllandi

Dómur frá 5. janúar 2010

Mál nr. 22933/02 og nr. 24023/03

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

Fangar. Réttur til að stofna til hjúskapar meðan afplánun refsídóms stendur.

1. Málsatvik

Kærandur, Rafal Frasik og Pawel Jaremowicz, eru pólskir ríkisborgarar. Frasik er búsettur í Krakow og Jaremowicz er í haldi í Wolów-fangelsinu í Póllandi. Í apríl 2001 og júní 2003 óskuðu þeir hvor um sig eftir að fá að kvænast á meðan þeir afplánuðu refsídóma. Frasik hlaut dóm fyrir að hafa hótad og nauðgað konu sem hann var þá í sambandi með en Jaremowicz fyrir rán. Pólsk yfirvöld höfnuðu beiðnum þeirra.

Konan sem Frasik óskaði að fá að kvænast var sú sem hann var dæmdur fyrir að nauðga. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald í september 2000 en í desember 2000 og janúar 2001 tilkynntu hann og fyrrgreind kona stjórnvöldum að með þeim hefðu tekist sættir og að þau hygðust ganga í hjónaband. Í júlí 2001 hafnaði dómstóll beiðni kæranda og í nóvember 2001 var Frasik dæmdur í fangelsi fyrir afbrotin.

Jaremowicz óskaði þess í júní 2003 að fangelsisyfirvöld heimiluðu ungri konu sem hann hafði hitt í fangelsinu að heimsækja hann. Í sama mánuði óskuðu þau eftir því við pólskan dómstól að þau fengju að ganga í hjónaband í fangelsinu. Dómstóllinn hafnaði beiðninni með vísan til þess að þau hefðu kynnst með því að brjóta gegn fangelsisreglum og að í öllu falli væri samband þeirra yfirborðskent. Vísaði dómstóllinn í þessu samhengi til þess að samskipti þeirra hefðu að mestu farið fram með ólöglegum skilaboðum þeirra á milli á meðan konan var tímabundið í haldi í fangelsinu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur vísuðu einkum til þess að brotið hefði verið á réttindum þeirra samkvæmt 12. gr. sáttmálans með því að neita þeim um hjúskaparleyfi. Frasik kærði það einnig að frelsissvipting hans hefði brotið í bága við 3. og 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að rétturinn til að ganga í hjónaband væri ekki háður því hvort einstaklingur væri í fangelsi eða ekki. Fangelsisrefsing svipti menn ekki rétti til hjúskapar. Dómstóllinn vísaði til evrópsku fangelsisreglnanna þar sem fram kæmi að hömlur sem föngum yrðu settar yrðu að vera eins litlar og mögulegt væri og í samræmi við það lögmæta markmið sem byggir að baki fangelsisvistinni.

Pólsk yfirvöld studdu ekki ákvarðanir sínar um að takmarka rétt kæranda með vísan til sjónarmiða um öryggi eða forvarnir í fangelsum. Þess í stað höfðu þau tekið afstöðu á grundvelli mats á eðli sambands kæranda við konurnar sem þeir vildu kvænast. Dómstóllinn tók fram að val einstaklinga á maka væri mjög persónulegt málefni. Yfirvöld gætu ekki framkvæmt þetta val fyrir hönd fanga nema verulega rík öryggissjónarmið réttlættu það.

Dómstóllinn hafnaði þeirri málsástæðu pólskra yfirvalda að Frasik hefði haft frelsi til að ganga í hjónaband eftir að honum var sleppt úr haldi og að Jaremowicz hefði fengið heimild til að ganga í hjónaband fimm mánuðum eftir að hann fór fram á það. Dómstóllinn lagði áherslu á þá tölfræði sem kærandur þurftu að sæta þrátt fyrir að vera fullorðnir einstaklingar sem að öðru leyti fullnægðu skilyrðum pólskra laga til að geta gengið í hjónaband. Með þessum hætti hefði verið gengið gegn réttindum þeirra samkvæmt 12. gr. sáttmálans. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn ákvæðinu í báðum tilvikum.

Dómstóllinn taldi að rannsókn pólskra yfirvalda í máli Frasik hefði ekki tekið lengri tíma en eðlilegt var og hafnaði því kæru hans að því leyti sem hún byggðist á 3. mgr. 5. gr. sáttmálans. Aftur á móti taldi dómstóllinn að málshraða vegna meðferðar kröfu um gæsluvarðhald hefði verið ábótavant. Benti dómstóllinn á í þessu sambandi að Frasik hafði kært ákvörðun dómstóls um að framlengja gæsluvarðhaldið og að kæran var ekki tekin til meðferðar fyrr en 11 dögum eftir að gæsluvarðhaldinu lauk. Af þessum sökum hefði úrræðið að fá ákvörðun um gæsluvarðhald endurskoðaða í raun verið þýðingarlaust. Því hefði verið brotið gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi Frasik 5 þúsund evrur í miskabætur og 1.500 evrur í málskostnað. Jaremowicz voru dæmdar þúsund evrur í miskabætur og 1.500 evrur í málskostnað.